

## Skýrsla um aðalfund FERA 2010 í Róm 5.-7. Nóvember

Undirritaður sat helgina 5. – 7. nóvember 30 ára afmælisáðalfund Evrópsku leikstjórasmatakana FERA í Cinecittá myndverinu sögufræga í Rómarborg. FERA var stofnað í Feneyjum árið 1980 og því var það sannarlega við hæfi að halda þennan hátíðarfund á Ítalíu, í þessu frægasta myndveri Evrópu. Cinecittá var eins og flestir vita heimavöllur manna eins og Fellini og Visconti til að nefna aðeins tvo af þeim ítölsku kvikmyndajöfrum sem fóru fyrir evrópskri kvikmyndagerð eftirstríðasáranna og fram undir lok síðustu aldar. Í dag eru Roberto Benigni og Giuseppe Tornatore sennilega hvað þekktastir ítalskra leikstjóra sem vinna í Cinecittá. Ljóminn er kannski ekki sá sami, enda stendur ítölsk kvikmyndagerð ekki jafnframarlega og hún gerði á seinni hluta tuttugustu aldar. En hér drýpur kvikmyndasagan af hverju strái, þetta er Forum Romani kvikmyndanna. Hér hafa m.a. 47 Óskarsverðlaunamyndir verið teknar og nægir þar að nefna myndir eins og Ben Húr, Cleopötru, La dolce vita, Nafn rósarinnar, þriðja Guðföðurinn, Gangs of New York... Listinn er langur og glæsilegur.

En víkjum nú að formlegri dagskrá: Mættir voru u.þ.b. 50 fulltruar allra helstu kvikmyndaleikstjórasmataka Evrópu. Fundarmönnum var komið fyrir í Fellini-salnum og þar fór svo til öll dagskráin fram. Helstu mál á dagskrá voru *nýtt upplegg að evrópskum leikstjórasmatingi, sambandið við innheimtusamtök, réttlát hlutdeild í skiptingu réttinda á internetinu, aðgangur að evrópskum kvikmyndum í stafrænum kvikmyndahúsum, helstu hagsmunir leikstjóra í næstu útgáfu af MEDIA áætluninni*, og síðast en ekki síst *gífurlegur niðurskurður á opinberum stuðningi við kvikmyndagerð í álfunni*. Fulltrúi bandarísku leikstjórasmatakana, Kathy Garmezý sat fundinn og ávarpaði hann.

Dagskráin hófst á hádegi **föstudagsins** með málsverði í Cinecittá. Að honum loknum flutti hópurinn sig yfir í Fellini-salinn og hlýddi þar á setningarávarp Elisabethar O. Sjaastad, framkvæmdastjóra smatakana. Forseti FERA, István Szabó, gat ekki verið með okkur í Róm en sendi kveðjur á myndbandi. Breski leikstjórinn og stjórnamaðurinn Piers Haggard var valinn fundarstjóri. Meðal mála á dagskrá voru alls kyns ávörp og kveðjur, samþykktir ályktana og svo var fjallað um starfið á árinu 2010. Síðan var farið yfir reikninga og þeir samþykktir. Þess má geta að aðildargjöld eru í 6 flokkum, eftir stærð einstakra smataka, og við í SKL erum í neðsta flokki, borgum 1000 evrur á ári. Farið var yfir starf FERA á árinu og meðal þess sem getið var um var stuðningur FERA við íslenska kvikmyndagerðarmenn í baráttu þeirra gegn niðurskurði sem kynntur var í lok ársins 2009. FERA studdi að sjálfsögðu sambærilega baráttu kollega okkar í hinum ýmsu Evrópulöndum. Nokkur umræða varð um Fréttablað smatakana, form þess og dreifingu. Dagurinn endaði á inntöku nýrra féлага, í þetta skiptið var það hið lúxemborgíska LARS sem var tekið inn. Að þinghaldi loknu var ekið heim á hótél og þaðan safnaðist fólk saman á veitingastað rétt hjá brautarstöðinni.

**Laugardagurinn** hófst um níu-leytið með afmælisávarpi hinnar sænsku Christinu Ohlson, þar sem hún fór yfir FERA starfið í gegnum tíðina. Eitt af því sem hafði breyst var að í upphafi var allt þinghald á frönsku en ekki á ensku eins og nú. Síðan var farið yfir starf aðildarfélaganna og undirritaður gerði grein fyrir ástandi mála á Íslandi, hversu mikið við framleiddum af myndum og hvernig við stæðum að þeim.

Samþykkt var einróma að taka aftur inn ítölsku leikstjórasamtökin ANAC, en þau voru meðal stofnsamtaka FERA. Eftir hádegi var stjórnarkjör. István Szabo var endurkjörinn forseti og Piers Haggard (UK) Michel Andrieu (Fr) og Gabriel Baur (Sviss) voru kjörin varaforsetar. Í stjórn voru kjörnir Hrvoje Hribar (Króatía), Maurizio Sciarra (Ít) og André F. Nebe (Þýsk). Hakan Bjerking (Svíþjóð) var kjörinn heiðursféhirðir.

Seinni partinn voru evrópskir leikstjórasamningar ræddir. EUROPEAN DIRECTORS MODEL CONTRACT (Rome Draft). Samningamál eru meginmarkmið FERA og á að vera auðvelt að fá styrki til að vinna að framgangi þeirra mála. Hið sama gildir ekki um “mórölsk réttindi”. Það þarf að fræða leikstjóra um réttindi sín.

Mikil umræða var um innheimtusamtök sem leikstjórar eru meðlimir að. Rætt var um hið nýstofnaða SAA (Society of Audiovisual Authors) í Brussel, sem Cecile Desprings, fyrrum framkvæmdastjóri FERA veitir forstöðu. SAA eru alhliða innheimtusamtök kvikmyndalistamanna. Samband SAA og FERA er um margt stírt. Samkeppni virðist ríkja milli samtakanna og þörf virðist á nákvæmari skilgreiningu á FERA, en FERA-leikstjórar viðkenna ekki SAA sem talsmann sinn, þótt SAA-samtökin segist vera fulltrúar 100 þúsund leikstjóra og tónskálda. Tónskáld fá mun meira frá innheimtusamtökum en leikstjórar. Piers Haggard varaði við deilum við SAA, sem hann sagði regnhlífarsamtök, ekki innheimtusamtök í sjálfu sér. Það var eytt töluverðu púðri í þessa umræðau og sitt sýndist hverjum.

Um kvöldið var hátíðarkvöldverður með ítölskum kollegum spölkorn frá Piazza Navona.

**Sunnudagsmorgun.** Í þetta skiptið var fundað í Casa del Cinema í Villa Borghese, spölkorn frá Spænsku tröppunum.

Umræður um AGICOA í Genf, inheimtu- og dreifingarsamtök framleiðenda. Mikil óánægja virtist vera meðal leikstjóra með samtökin, sem eru sögð ræna réttmætum hlut leikstjóra og beita til þess bellibrögðum.

Síðan var rætt um kvikmyndaskóla, CILECT, sem eru alþjóðleg samtök kvikmyndaskóla og samband FERA við samtökin. Katalóníumenn stungu því næst uppá eins konar Eurovision fyrir kvikmyndir, við takmarkaða hrifningu viðstaddra, og Ungverjar ræddu um leiðir til framleiðslu stafrænna eintaka af gömlum myndum og nokkrar umræður urðu um 3-D myndir, sem menn vildu meina að væru, alla vega í bili, að laða ungt fólk í bíóin. Stjórnarmenn FERA óskuðu síðan eftir tillögum frá meðlimum um hvaða mál ættu að brenna mest á FERA.

Fulltrúar einstakra samtaka voru beðnir að gera sitt til að tryggja framtíð Media áætlunarinnar, en um þessa mundir fer fram endurskoðun á áætluninni og ástæða er til að hafa áhyggjur af framtíð hennar. Undirritaður brást við þessu kalli og tók þátt í könnun á netinu um hlutverk og mikilvægi Media. Þar gerði hann sem mest úr gagnsemi áætlunarinnar.

Að lokum var svo unnið að frumdrögum ályktunar fundarins. Endaleg gerð hennar fylgir hér í lok þessarar skýrslu.

Síðan var ágætlega heppnuðum aðalfundi slitið og menn héldu hver í sína áttina.

Hilmar Oddsson  
f.h SKL



## **FERA ROME RESOLUTION**

November 8<sup>th</sup> 2010

### **EUROPEAN DIRECTORS ATTACK FILM CUTS ON 30<sup>TH</sup> ANNIVERSARY**

The European Federation of Film Directors (FERA, founded 1980 in Venice) has just concluded its 30<sup>th</sup> Anniversary Assembly in legendary Cinecittà, Rome. The film makers celebrated three decades of existence with discussions on the Média Programme, a European Directors' Contract, proper sharing of internet rights, access to European film in digitalised cinemas, and most urgent of all, the devastating series of cuts now being applied to film support in Italy, Hungary, Estonia, Czech Republic, Ireland, Portugal and the UK.

FERA understands that savings are necessary in difficult times, but these cuts to tax incentives, film infrastructure, and funding for production and distribution will jeopardize the very existence of European cinema. We find it strange that while the European Commission tries to 'unlock the Potential of the Creative Industries' some member governments are using the financial crisis to savage them. The word 'Culture' clearly makes some Ministers reach for their guns.

Culture, and access to it, are basic human rights. Culture defines countries and people even more than borders do. This is also true of the cinema - one of Europe's defining glories.

But film making, in all its variety, is also a major economic activity. All over the world, investment in film and TV production has helped to build industries, feeding the new media, creating jobs and adding to economic output. This is an industry of the future: it deserves long sighted treatment.

We call on all European Governments to preserve and invest in the structures of film funding and film culture. Once destroyed, they will not be easily rebuilt.

*Casa del Cinema, Villa Borghese, Rome November 8<sup>th</sup> 2010*



## FERA PRESS RELEASE

### EUROPEAN DIRECTORS RE-ELECT ISTVAN SZABO AS PRESIDENT

and appoint

#### NEW EXECUTIVE COMMITTEE

50 delegates from the FERA membership gathered in Rome during the weekend of 5 – 7 november for the Annual General Assembly. This year marks the 30th anniversary since FERA was founded in Venice, Italy in 1980. During the 3-day event, organized by FERA member 100Autori, the European film directors met in the Fellini hall at legendary Cinecittà Studios in Rome.

The delegates discussed issues that affect their creative and economic rights, including a new draft Director's Contract and proposals to cater for the needs of directors in the next edition of the MEDIA programme.

The General Assembly unanimously re-elected **István Szabó** as FERA President, who, in a video address to the Assembly, reflected on FERA's importance:

*'With our own European organisation, directors do not have to be guerillas fighting alone. It allows us to share experiences and take coordinated action to defend our creative and economic rights and the future of European cinema'.*

The Assembly unanimously elected a new Executive Committee:

<b>Piers Haggard (UK)</b>	Chairman & Vice-President
<b>Michel Andrieu (France)</b>	Vice-President
<b>Gabriel Baur (Switzerland)</b>	Vice-President
<b>Håkan Bjerking (Sweden)</b>	Honorary Treasurer
<b>Hrvoje Hribar (Croatia)</b>	EC Member
<b>Maurizio Sciarra (Italy)</b>	EC Member
<b>André F. Nebe (Germany)</b>	EC Member
<b>Elisabeth O Sjaastad (Norway)</b> was confirmed as Chief Executive Officer.	

LARS (Luxembourg) was confirmed as a new member, and the re-entry of ANAC (Italy) was ratified.

Rome, 8 November 2010